

Orð eru til alls fyrst

Samræður í kennslu - samþætting margra námsgreina

Samræðulist var til forna afar hátt skrifuð og mikils metin mannleg hæfni. En til margra ára þótti það, í íslensku skólakerfi, dæmi um að eyða tímanum í vitleysu að eiga samtali í tímum og jafnvel talað um „kjaftagreinar“ í skólanum. Nú hefur mikilvægi samræðunnar verið dregið fram í dagsljósið á ný því hún er þegar upp er staðið grunnur að flestu námi, hvernig við skiljum sjálf okkur og aðra. Það getur verið áhrifaríkt og gaman að hlusta á aðra segja frá af eldmóð og áhuga - getur virkað sem áhrifarík kveikja, hreyft við manns eigin huga, verið áhugahvetjandi, og smitað út frá sér.

Þáttöku í samræðum getur verið erfitt að meta á hefðbundnum mælikvörðum. Nemandi getur verið virkur í hlustun og víðsýnn í hugsun þó þeir tjái sig ekki mikið og jafnvel tali lítið - við erum einfaldlega misjafnlega gerð, sumir feimnir, aðrir fámálir enn aðrir margorðir og misvirkir hlustendur á aðra sem tala.

Í vetur höfum við átt reglubundin samtöl við nemendur í hinum ýmsu námsgreinum, sem rata síður inn í hefðbundið námsmat:

Við höfum átt samræður...

- um „hugarfar vaxtar í námi og leik“ og höfum það viðmið að „góðir hlutir gerist hægt“ með sífelldri endurtekningu.
- um málefni líðandi stundar, hér innanlands og af erlendum vettvangi - það sem er í fréttum, hvílir jafnvel á okkur og veldur sumum hugarangri.
- um móðurmálið okkar, íslenska tungu, hvernig hún breytist og vex, hvernig ensk orð aðlagast íslensku málkerfi, hvernig við gerumst málfræði-rannsakendur eigin tungumáls.
- um söguna sem við vorum öll að hlusta á saman – Af hverju gerðist þetta? Hvað höldum við að gerist næst? Ef sögupersónan hefði verið...? Hvað ef?
- í útikennslu um stærðfræðileg viðfangsefni og þrautir, um daginn og veginn þegar við tálgu, um sagnfræði og söguleg viðfangsefni, um orðaforða sem verður til um náttúruna, skynjun okkar, framkomu og líðan hverju sinni.

Markmið um samræður úr skólanámskrá Fellaskóla fyrir miðstig eiga mörg hver vel við þær samræður sem eiga sér stað í aðstæðum eins og lýst er hér að ofan:

Lykilhæfni:

- hlustað eftir upplýsingum og rökum í samræðum, byggt upp röksemdafærslu í máli sínu og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða. • tileinkað sér hugtök og aukinn orðaforða

sem tengist umræðu hverju sinni. • tjáð hugsanir, skoðanir og tilfinningar með skipulögðum hætti með mismunandi framsetningu.

- átt góð samskipti, hlustað og komið fram af kurteisi.
- gert sér í auknu mæli grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og gengið til verka í samræmi við það.

Íslenska:

- tjáð eigin skoðanir og tilfinningar, staðið fyrir máli sínu á sanngjarnan og uppbyggilegan hátt.
- tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum.

Stærðfræði:

- Spurt, tjáð sig um stærðfræði, útskýrt hugsun sína um hana fyrir öðrum, leitað lausna og sett þær fram á fjölbreyttan hátt með því að beita skapandi hugsun, ígrundun og rökstuðningi og fylgt rökstuðningi jafningja.
- Notað hugtök og aðferðir úr rúmfræði til að útskýra hverstakleg og fræðileg fyrirbæri. •
- Notað mælikvarða og einslögun í tengslum við teikningar, áætlað ummál, flatarmál og rúmmál í raunverulegum aðstæðum og rannsakað aðferðir til að reikna það.
- Notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum. leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.
- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda.

Náttúrufræði:

- framkvæmt útskýrt einfaldar athuganir úti og inni
- tekið eftir og rætt atriði í nánast umhverfi og áhrifum þess á lífsgæði íbúa
- lýst dæmum um áhrif mannsins á náttúruna komið með tillögur til úrbóta
- Náttúra Íslands
- þekkt algengar plöntur og helstu dýr í íslenskri náttúru og samspil þeirra
- þekkt til flokkunar úrgangs

Samfélagsfræði:

- Sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum s.s. kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti og umhyggju fyrir öðrum mönnum og lífverum
- Nefnt dæmi um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar.

- Sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrr og nú og geta borið saman samfélagsgerð fyrri alda við nútímann
- Áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði
- Greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu menningu og félagsstarf
- Bent á dæmi um lýðræðislega þætti í nærsamfélaginu
- Lýst náttúruferlum sem áhrif hafa á land og gróður
- Bent á nokkrar mikilvægar stofnanir samfélagsins og hlutverk þeirra
- Lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu
- Bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig.
- Bent á dæmi um hefðbundin kynhlutverk og breytingar á þeim.
- Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvar má efla sig betur.
- Bent á fyrirmyndir sem hafa áhrif.
- Áttað sig á og lýst líðan sinni með mismunandi tilfinningum.
- Gert sér grein fyrir því að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans og hann getur haft stjórn á sumum en ekki öllum.
- Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum
- Tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu
- Áttað sig á því að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum m.t.t. uppeldis, trúar, siða, venja o.fl.
- Rætt um réttindi sín og skyldur í samfélaginu og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Áttað sig í gildi jafnréttis í daglegum samskiptum og að jafnt þýðir ekki endilega nákvæmlega eins.
- Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.

Námsmat í samræðum: Má e.t.v. meta út frá virkni og þátttöku hvers og eins, sjálfsmati nemenda, jafningjamati og leiðsagnarmati. En hvernig leggjum við mat á jafnvægi nemenda og líðan, hamingju og farsæld? Það hlýtur að vera augljósast í baksýnisþegli við endalok ævi hvers og eins! Eða hvað?

Með þessari hugleiðingu viljum við benda á mikilvægi samræðunnar í skólastarfi þó afrakstur hennar sé oft á tíðum erfitt að veiga og meta hjá hverjum og einum, erfitt geti verið að mæla árangur samræðna á mælistikum og í stöðluðum kerfum. Kveikjan að þessu skjali er sú að í amstri daganna er mikilvægt að við kennarar horfum eftir okkar eigin styrkleikum í kennslu, eins og hamrað er á í Leiðsagnarnáminu. Við í miðstigs-teymi erum sammála um að okkar aðalsmerki sé gamla góða samræðulistin! Dæmi: Að segja frá. Tjá sig. Gagnrýn hugsun. Að færa rök fyrir máli sínu. Spjall. Samtal. Samræður. Að skiptast á skoðunum. Ræða málin. Hlusta. Gera málamiðlun. Komast að niðurstöðu.

„Orð eru til alls fyrst“